

✉ Re: Tillaga að deiliskipulagi fyrir Fiskeldið Haukamýri, Norðurþingi

Búið til	15.12.2022 12:46:36
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	15.12.2022 12:46:35
Tilheyrir	📁 202211-0003 - Fiskeldið Haukamýri, Norðurþing, - tillaga að deiliskipulagi.

Efni

Re: Tillaga að deiliskipulagi fyrir Fiskeldið Haukamýri, Norðurþingi

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	15.12.2022 12:46:35	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	sigurdis@nordurthing.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202211-0003 (LA)

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings, dags. 28. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Fiskeldið Haukamýri, Norðurþingi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og fylgigögn deiliskipulagsins.

Stofnun hefur áður gefið umsögn til sveitarfélagsins, 23. mars 2022, vegna skipulags- og matslýsingar nýs deiliskipulags varðandi stækkun fiskeldissvæðisins í Haukamýri og til Skipulagsstofnunar, 22. nóvember 2022, vegna aukningu á framleiðslu hjá Fiskeldi Haukamýrar. Umsagnirnar má sjá á vef Náttúrufræðistofnunar, <https://www.ni.is/is/stofnunin/radgjof/umsagnir/umsagnir-2022> (<https://www.ni.is/is/stofnunin/radgjof/umsagnir/umsagnir-2022>)

Náttúrufræðistofnun ítrekar að áskorun fiskeldisins munu vera vegna frárennslis- og úrgangsmála, en telur jákvætt að Norðurþing seti kröfu í starfsleyfisgerð um vöktun, eins og fram kemur í tillögunni í kafla 5.9 á bls. 26:

„Í starfsleyfisgerð fiskeldisstöðvarinnar mun vera krafa um vöktun á affalli gagnvart lífrestum og sýnatökum úr affalli. Vöktun á vatnsgæðum affallsvatns verður hluti af rekstrarskyldum stöðvarinnar þar sem gæði affallsvatns verða innan tilskyldra marka.“

Náttúrufræðistofnun telur æskilegt að athuganir á gróðurfari og fuglalífi verði gerðar í áframhaldandi vinnu á deiliskipulagi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur á náttúruverndarsviði

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 210 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500.

www.ni.is (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&data=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNy%2BdfM%3D&reserved=0>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sigurdís Sveinbjörnsdóttir" <sigurdis@nordurthing.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Tillaga að deiliskipulagi fyrir Fiskeldið Haukamýri, Norðurþingi

Date: 1.11.2022 11:00:55

Góðan dag

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir Fiskeldið Haukamýri, Norðurþingi

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 27. október 2022 að kynna meðfylgjandi tillögu á deiliskipulagi skv. ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010. Sendi ég hér tillögu að deiliskipulaginu til skoðunar. Athugasemdir/umsagnir óskast sendar til skrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík eða í tölvupósti fyrir 15. desember 2022.

Þetta mun einungis berast rafrænt nema að óskað sé eftir öðru.

Fylgiskjöl

1. Tillaga að deiliskipulagi fyrir Fiskeldið Haukamýri dags. 10.10.2022. Greinargerð sett fram á A4 blöðum.
2. Tillaga að deiliskipulagi fyrir Fiskeldið Haukamýri dags. 10.10.2022. Uppdráttur settur fram á A2 blaði.
3. Afrit auglýsingar um almenna kynningu tillögu að deiliskipulagi Fiskeldið Haukamýri dags. 28.10.2022.

Kveðja

Sigurdís Sveinbjörnsdóttir

Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa

Stjórnsýsluhúsi Norðurþings | Ketilsbraut 7-9 | 640 Húsavík | sími: 464-6100



Um ábyrgð á tölvupósti/email disclaimer (<https://www.nordurthing.is/static/files/disclaimer.pdf>)